

## Leiðbeiningar vegna tilkynningar til barnaverndarþjónustu

- Hér eru leiðbeiningar til að styðjast við ef félag þarf að senda inn tilkynningu til barnaverndarþjónustu vegna barns undir 18 ára. Minnt er á að samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002, 17.gr ber

*Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.*

*Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.*

- Mikilvægt er að skrá ítarlega í tilkynninguna um hvað hún er, hvernig hún kom til tilkynnanda og hvort og þá hvað hefur verið gert vegna málsins. Oft er þó lítið sem félög geta gert, annað en að tilkynna.
- Þegar félag tilkynnir til barnaverndarþjónustu er ekki hægt að óska eftir nafnleynd. Því er mikilvægt að formaður stjórnar, íþróttastjóri, yfirþjálfari, yfirforingi eða einhver sem ber ábyrgð og helst einhver sem er á launaskrá, sé settur inn í málið. Sá aðili skrifar einnig undir sem tilkynnandi og gefur upp nafn sitt, símanúmer og netfang. Þetta er gert þar sem tilkynningin er gerð í nafni viðkomandi félags.
- Ástæða þess að þjálfari, foringi eða slíkur aðili skrifar ekki undir, er til að viðkomandi geti haldið áfram að starfa óáreittur með barninu og eiga trúnað þess.
- Þegar skólafélag tilkynnir, er sami háttur hafður á, skólafélagi eða deildarstjóri skrifar undir tilkynninguna. Hinsvegar er einnig hægt að gefa upp nafn þess sem kom með atvikið til ábyrgðaraðila þannig að hægt sé að tala við viðkomandi sé þess óskað.
- Mikilvægt er að ábyrgðaraðili visti afrit af tilkynningunni á öruggum stað til að eiga.
- Gæta skal fyllsta trúnaðar gagnvart barni og foreldrum sem við eiga og aðeins upplýsa þá aðila sem nauðsynlega þurfa að vita vegna starfa sinna með umræddu barni.
- Í einstaka tilvikum, eins og ef um er að ræða tilkynningu er varðar kynferðislegt, líkamlegt áreitni og/eða ofbeldi, getur verið rétt að senda tilkynningu án þess að upplýsa forsjáraðila. Þá mun barnaverndarþjónusta sjá um það. Leiki vafi á hvort upplýsa eigi forsjáraðila um tilkynningu er sjálfsagt að leita til samskiptaráðgjafa íþróttta- og æskulýðsstarfs eða viðkomandi barnaverndarþjónustu.

Á næstu síðum sem hér fylgja, er blað til útfyllingar fyrir félög sem þurfa að senda inn tilkynningu til barnaverndarþjónustu.



